



KPMG ehf.
Borgartún 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði

vegna prófunar í tengslum við ársreikning

LOGOS slhf.
Efstaleiti 5
103 Reykjavík

Staðfesting á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði sem byggir á umsömdu verklagi

Vísað er til samnings við staðfestingaraðila, dags. 21. júlí 2023, útgáfuramma dags. 22. september 2025, viðauka við útgáfuramma dags. 26. nóvember 2025 og endanlega skilmála skuldabréfaflokkanna SIMINN 26 1 og SIMINN 28 1. Hugtök sem skilgreind eru í samningi við staðfestingaraðila, útgáfuramma og/eða endanlegum skilmálum skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagsleg- og sérstök skilyrði, dags. 19. febrúar 2026.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagsleg skilyrði sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á með því að yfirfara forsendur og útreikninga í skýrslu útgefanda.

Útgefandi staðfestir að framangreindar aðgerðir séu viðeigandi við yfirferð á skýrslu um fjárhagsleg skilyrði og uppfyllir þær kröfur sem koma fram í kafla 4 í framangreindum samningi við staðfestingaraðila.

Skýldur útgefanda eru skilgreindar í kafla 3 í framangreindum samningi.

Vinna staðfestingaraðila var framkvæmd í samræmi við uppfært og yfirfarið staðlað verklag ISRS 4400 staðalsins (e. International Standard on Related Services). Staðfestingaraðili starfar í samræmi við almennar siðareglur endurskoðanda og hefur uppfyllt viðeigandi kröfur laga um endurskoðendur og International Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code), þ.m.t. meginreglur um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og kröfur um sjálfstæði. Staðfestingaraðili er óháður útgefanda í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur.

Staðfestingaraðili hefur innleitt alþjóðlegan staðal um gæði, ISQM 1, sem inniheldur kröfur um að fyrirtækið hanni, innleiði og starfræki gæðastjórnunarkerfi, þ.m.t. stefnur eða verklagsreglur sem tryggja fylgni við siðareglur og aðrar gildandi reglur og lög.

Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Þann 31. desember 2025 voru fjárhagsleg skilyrði eftirfarandi miðað við ársreikning:

Eiginfjárlutfall miðað við 31. desember 2025	
Eigið fé samtals	17.101 m.kr.
Heildareignir samtals	44.322 m.kr.
Eiginfjárlutfall	38,6%

Fjárhagsleg skilyrði; eiginfjárlutfall eigi lægra en 25% á prófunardegi

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum skilyrðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagsleg skilyrði því staðfest.

Reykjavík, 26. febrúar 2026

Fyrir hönd staðfestingaraðila,
KPMG ehf.